

Sp. 299. Tillaga til þingsályktunar [109. mál]
um rekstur helicopterflugvélar.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1950.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kosta og annast rekstur á helicopterflugvél þeirri, sem Slysavarnafélag Íslands hefur í hyggju að kaupa.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Á s. l. sumri fékk Slysavarnafélag Íslands að láni helicopterflugvél til reynslu við hjálpar- og björgunarstörf, með fjárhagslegum stuðningi ríkisstjórnarinnar. Jafnframt fékk landhelgisgæzlan umráð vélarinnar til reynslu við gæzlu.

Að fenginni þessari reynslu þykir hafa komið í ljós, að vélin geti gert mikið gagn hér á landi við áðurnefnd störf. Hefur stjórn Slysavarnafélags Íslands því mikinn áhuga á því, að vélin ilengist hér, og býðst til þess að greiða andvirði hennar úr helicoptersjóði þeim, er félagið hefur undir höndum. Hins vegar treystir félagið sér ekki til að standa undir kostnaði við rekstur vélarinnar og hefur því farið þess á leit við ríkisstjórnina, að hún taki að sér og kosti rekstur hennar, enda verði vélin að jafnaði við störf í þarfir landhelgisgæzlunnar, en þó ætíð til taks við björgunarstörf og sjúkraflutninga, þegar þörf krefur.

Árlegur rekstrarkostnaður er áætlaður kr. 240 000.00, miðað við 500 flugtíma.